



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7,
105 Reykjavík.

Reykjavík, 20. desember 2013

Varðar: Tillaga Verkefnisstjórnar um 3. áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu (rammaáætlunar) um flokkun virkjunarkosta.

Hér með leyfi ég mér að senda Ríkisendurskoðun athugasemdir NASF, Verndarsjóðs villtra laxastofna (North Atlantic Salmon Fund) við framangreinda tillögu, dags. 13. desember, 2013.

NASF telur að það geti valdið stórfelldum þjóðfélagsskaða, skaðabótakröfum og áralöngum málaferlum bæði fyrir ríkið og Landsvirkjun ef ráðist verður í frekari undirbúning og framkvæmdir á grundvelli framangreindra tillagna Verkefnisstjórnar. Eins og vikið er að í athugasemdum NASF þá virðast tillögur Verkefnisstjórnar um óafturkræfar framkvæmdir illa ígrundaðar og ekki byggðar á neinum þeim gögnum sem afla þarf áður en ráðist er í slíkar framkvæmdir – eins og Alþingi hafði ákveðið að gert skyldi.

Engar rannsóknir hafa síðan farið fram en í bókun Alþingis segir:

Þjórsá 29 Hvammsvirkjun Rökstuðningur: Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) var raðað í orkunýtingarflokk í þeim drögum sem send voru til umsagnar 19. ágúst 2011. Í innsendum umsögnum vegna Hvammsvirkjunar (29) og Holtavirkjunar (30) kemur fram að áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá séu talin óljós og þarfnist frekari rannsókna við, sbr. umfjöllun um Urriðafossvirkjun (31) hér að framan. Með vísan til þess að afla þurfi frekari upplýsinga um hvaða áhrif Hvammsvirkjun (29) og Holtavirkjun (30) muni hafa á laxfiska í Þjórsá er með þingsályktunartillögu þessari lagt til að virkjunarkostirnir verði flokkaðir í biðflokk. Varúðarsjónarmið liggja að baki þeirri tillögu. Frekari rannsóknir þurfa að leiða nánar í ljós hvaða áhrif framkvæmdirnar geti haft á laxfiska í ánni. Með hliðsjón af þeim rannsóknum leggur verkefnisstjórn til flokkun virkjunarkostanna að nýju í samræmi við lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Þeir fjölmörgu vísindamenn sem leitað hefur verið til taka nánast einróma undir ofangreind sjónarmið og staðfesta hve slælega hefur verið að verki staðið. Þeir benda allir á að forsendur skorti, að umhverfismat vanti og upplýsingar um vistfræði svæðisins séu ófullnægjandi vegna skorts á

NORTH ATLANTIC SALMON FUND,
Skiptolti 35, 105 Reykjavík, Iceland

Tel: + 354 568 6277 - Fax: +354 588 4758 - nasf@vortex.is www.nasfworldwide.com



rannsóknnum. Leggjum við til að embætti yðar rannsaki sérstaklega hvernig fjármunum skattgreiðenda hefur verið varið af hálfu Landsvirkjunar.

Í heild sinni er um að ræða tillögur um verkefni sem gætu kostað þjóðarbúið, sérstaklega skattgreiðendur, hundruð milljarða og við teljum það vera í verkahring Ríkisendurskoðunar að koma með einhverjum ráðum í veg fyrir slíkan kostnað. Þess vegna sendir NASF þessar athugasemdir sínar sem kæru til embættisins.

Þá teljum við óréttlætanlegt að ekkert hefur verið rætt við eigendur lögvarins veiðiréttar í Þjórsá en þeir eru nokkur hundruð talsins. Hver og einn er uggandi um auðlind sína. Sama á við um Veiðifélag Þjórsár sem ber lögum samkvæmt að fara með sameiginlega hagsmuni lífríkisins og veiðiréttarhafa.

Landsvirkjun hefur vissulega samið óformlega við fáeina einstaklinga sem eiga hlut að máli en slíkt getur ekki talist fullnægjandi þegar fjöldinn á í hlut og er auk þess mismunur og ámælisvert. Í þetta verkefni hefur Landsvirkjun að nauðsynjalausu eytt milljörðum af fjármunum skattgreiðenda – mestur hluti fjáris hefur farið til verkfræðinga - en landeigendur, sem enginn talar við, verða í varnarbaráttu sinni sjálfir að standa straum af kostnaði við fjölmörg erlend og innlend rannsóknarverkefni auk lögfræðikostnaðar. Upphæðirnar í heild sinni hlaupa á milljörðum króna.

Hver og einn landeigandi hefur neitunarvald um allar framkvæmdir af þessu tagi, auk þess sem Veiðifélag Þjórsár verður af gefa sitt samþykki fyrir þeim.

Varðandi frekari upplýsingar mun undirritaður veita þær eftir því sem kostur er en að öðru leyti er vísað til þeirra athugasemda sem fylgja bréfi þessu. Æskilegt væri að fá stuttan fund með fulltrúum embættisins til að gera grein fyrir kæru þessari.

Virðingarfyllt

Orrí Vigfússon

Hjál: Greinargerð til Verkefnastjórnar